

heima í ; og brátt fengust einnig menn til fyrir hina landsfjórðungana til þess að helga sig og heitbinda líf sitt drottni til þjónustu á sama hátt. „Svo áminni eg yðr, bræðr, í guðs náðar nafni, að þér framseljði líkami yðar eins og fórn, lífandi, helga, guði velþóknanlega, (sem er) skynsamleg guðs-dýrkan yðar.“ Þannig ritar Páll postuli í upphafi 12. kapitlans í Rómverjabréfinu. Sannleikr þeirra postullegu orða er auðheyrt alráðandi í sálum þessara göfugu forfeðra vorra á hinum merkilega fundi. Þeim skilst það, að með þessu móti hljóti málefni kristinnar trúar að verða borgið á Íslandi. Þeim skilst það, að þessir einstöku, er lögðu sjálfa sig fram sem lífandi fórn drottni Jesú til handa, myndi á þann hátt verða að heilögu súrdeigi með svo miklum krafti í sér, sem dygði til þess að sýra allt deigið, umskapa heiðingjana, kristna allt landið. Ef vér í hinni kirkjulegu starfsemi vorri fetum samvirkusamlega í fótspor mannanna, sem fyrir nú hundruð árum útveguðu kristninni lagaleysi til landsvistar á ættjörð vorri, þá verður líka málefni kristindómsins hjá oss áreiðanlega borgið. Sjáum að eins um það, að kristindómrinn hjá oss haldi sínu heilaga súrdeigseðli ; þá er öllu óhætt,—algjörlega óþarft að kvíða fyrir því, að vér liggjum undir í viðreisninni við hin andstæðu vantrúar-öfl og siðspillingar-öfl í mannfélagi voru. Látum hina kirkjulegu prédikan vora vera drottinlegt súrdeig. Látum barna-uppfærðsluna kirkjulegu hjá oss vera samskonar súrdeig. Látum hvern einasta söfnuð í kirkjufélagi voru vera slíkt súrdeig. Látum prestana og leikmennina, sem heyra til félagshépi vorum, keppa hver við annan í því að gjöra líf sín að kristilegu súrdeigi. Þá er sjálfum oss og hinu góða málefni, sem vér höfum sameiginlega með höndum frá frelsara vorum Jesú Kristi, sigrinn víis.—Ekki skal því að vísu gleymt, að hinu illa og óguðlega er líka í heilagri ritning líkt við súrdeig. „Varizt fyrst og fremst súrdeig farísea, það er : hræsnina“—segir Jesús (Lúk. 12, 1). Á öðrum stað segir hann lærisveinum sínum, að þeir skuli vara sig á súrdeigi bæði farísea og sadúsea (Matt. 16, 6). Og til Korínþunanna segir Páll postuli : „Takið burt gamla súrdeigið, svo að þér framvegis getið verið nýtt deig“ (1. Kor. 5, 7), og gjörir svo

undir
hann
hátið
og þ
óguð
mann
hræð
koml
úr hi
hins
djöfu

offjó
heim
marg
leigu
vér f
um fr
vinir
endile
lega s
árang
rætt i

Og vo
allra
um þ
krafti
hveiti
fyr e
á akri
lygi o
ræðu
það y
En hu
vorun
sannle
komis